

notað það ákærulaust; eins hefur ekkjan Solveig Bjarnadóttir, er bjó þar í 38 ár frá 1825 til 1863, borið, að hún hafi notað landið ákærulaust fyrir 1832; en eftir 1832 sýnist sem landið hafi verið notað ýmist frá Hnausi eða Gneistastöðum. Lóksins var eftir beiðni áfrýendanna gjörð áreið á þrætulandið af sýslumanni og 4 öðrum mönnum, er áfrýendurnir höfðu sjálfir tilnefnt þar, til að álíta, hvort þrætulandið eftir legu þess og afstöðu eigi heyrði undir Gneistastaði, en þeir álitu, að merkin ættu að vera þau, sem hinir stefndu hafa farið fram á. Það virðist þannig engin næg ástæða til að dæma þrætulandið undir Gneistastaði, og ber því að staðfesta undirrettardóminn, hvað þetta atriði snertir; málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Að því, er snertir kröfu Magnúsar Eyjólfssonar, vísast málinu frá yfirdóminum, en að öðru leyti á dómur undirrettarins óraskaður að standa. Málskostnaður fyrir yfirdóminum falli niður.

Mánudaginn 19. júnímán.

Nr. 15/1876: Hið opinbera
gegn

Halldóri yfirkennara Friðrikssyni.

Dómur.

Með dómi, upp kveðnum á lögreglupingi Reykjavíkur 18. f. m. af hinum setta lögreglustjóra í fjárkládamálinu, Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni, er Halldór yfirkennari Friðriksson dæmdur samkvæmt tilsk. 5. janúarm. 1866 í 3 króna sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur, og til að greiða allan löglegan kostnað af málinu;

en þessum dómi er áfrýjað af hálfu hins opinbera til yfirdómsins.

Með landshöfðingjarbrjefum 9. sept. og 13. október f. á. er landshöfðingjaritari Jón Jónsson skipaður til að gegna það haust og næsta vetur með eigin ábyrgð störfum þeim viðvíkjandi uppræting fjárkláðans í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Reykjavíkur kaupstað og Árnessýslu vestan Hvítár, sem hlutaðeigandi sýslumenn annarsættu að hafa á hendi, og í landshöfðingjarbrjefi 20. janúar þ. á. eru þessar skipanir «authentice» skýrðar á þann veg, að landshöfðinginn hafi ætlað með tjeðum löggildingum að veita hinum setta embættismanni vald til að gegna dómarastörfum í málum þeim, á tímabili því og í þinghám þeim, sem löggildingarnar ná yfir. En til þess að taka af allan vafa um, hve langt löggildingarnar nái, er Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni í síðast nefndu brjefi landshöfðingjans veitt löggilding til sem dómari að fara með og dæma á «reglulegum lögreglupingum» öll opinber lögreglumál, sem á tímabili því og í þinghám þeim, sem löggildingarnar geta um, kynnu að verða höfðuð út af ráðstöfunum yfirvaldsins til útrýmingar fjárkláðans. Loks er tjeður embættismaður 15. aprílmán. skipaður af landshöfðingja til þess fyrst um sinn sem «lögreglustjóri með dóms- og framkvæmdarvaldi» á svæðinu milli Hvítánnna í Borgarfirði og Árnessýslu að gegna öllum þeim störfum til upprætingar fjárkláðans, sem hlutaðeigandi sýslumenn og bæjarfógetinn í Reykjavík annars ættu að hafa á hendi.

Þó að dómsvald það, sem Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni samkvæmt ofannefndum «authentiskum skýringum» átti að hafa verið veitt með hinum fyrstu skipunum landshöfðingjans, nú að eins nái til að fara með og dæma þau opinber lögreglumál, sem höfðuð kynnu að verða á hinu tiltekna svæði út af ráðstöfunum yfir-

valdsins til upprætingar fjárkláðans, fær yfirdómurinn ekki sjeð, að landshöfðingjanum í ákvörðunum þeim um verksvið hans, sem settar eru samkvæmt 2. grein stjórnarskrárinnar með konungsúrskurði 20. febrúarmán. f. á., og birtar eru með ráðherra-auglýsingu 22. s. m., sje veitt næg heimild til að gjöra fyrirskipanir þær, sem hjer eru gjörðar. Samkvæmt 4. grein í nefndri auglýsingu, þar sem mælt er fyrir um vald landshöfðingja yfir embættismönnum landsins, og um vald hans til að setja embættismenn og víkja þeim frá, á landshöfðingi að sjá um, að embættum, sem laus eru, sje þjónað, með því að setja menn í þau um tíma, og hefur þar að auki heimild til að víkja frá um stundar sakir öllum embættismönnum, sem skipaðir eru á Íslandi; en með skipunarbrjefum þeim, sem hjer liggja fyrir, er ekki maður settur í laust embætti, nje embættismanni eða embættismönnum vikið frá um stundar sakir, heldur er dómsvaldið í tilteknum flokki af málum, á tilteknu svæði, sem nær yfir 3 lögsagnarumdæmi og part af hinu 4., um ótiltekinn tíma — «fyrst um sinn» — án þess með berum orðum að vera tekið frá hinum reglulegu dómendum, og án þess að þeim sje vikið frá embætti, fengið í hendur einum manni á hans eigin ábyrgð, og það á þann hátt, að hann er skipaður lögreglustjóri með dómsvaldi, þó lögreglustjórar sem slíkir ekki hafi neitt dómsvald að lögum.

Þar eð yfirdómurinn þannig verður að álíta, að það liggja fyrir utan verksvið landshöfðingjans, að gefa skipun þá, sem hinn setti lögreglustjóri hefur byggt á vald sitt til að fara með og dæma mál það, sem hjer er undir áfrýjun, og að það því sje meðhöndlað og dæmt af manni, sem ekki hafði næga heimild til að sitja í dómarsæti, ber að dæma hinn áfrýjaða pólitírjettardóm og alla meðferð málsins í hjeraði ómerkt.

Málskostnaður, þar á meðal málsfærslulaun hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 10 krónur handa hvorum, virðast eiga að borgast úr opinberum sjóði.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði pólitírjettardómur og öll meðferð málsins í hjerði á ómerkt að vera. Allur málskostnaður, þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Guðmundar Pálssonar og Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors, borgist úr opinberum sjóði.

Mánudaginn 17. júlímán.

Nr. 9/1876: Jón Oddsson í Krýsuvík
gegn

Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni.

D ó m u r.

Jón bóndi Oddsson í Krýsuvík hefur áfrýjað fyrir yfirdóminn tveim úrskurðum, öðrum frá 2. janúar þ. á. og hinum frá 3. febrúar næst á eptir, felldum af hinum setta lögreglustjóra í fjárkládamálinu, Jóni ritara Jónssyni; gengur fyrri úrskurðurinn út á það, að niður-skurði á fje Jóns Oddssonar og annars bónda, er í úrskurðinum er nefndur, beri að halda áfram viðstöðulaust, svo fljótt sem unnt sje; og hinn síðari, að mót-mæli Jóns Oddssonar gegn því, að kindur þær 11, er bóndi þessi þá átti eptir, yrðu skornar, geti eigi tekizt til greima. Áfrýjandinn hefur nú krafizt þess, að nefndur úrskurður 3. febrúar verði dæmdur ómerkur, eða